

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 4-2019

*Staður:* Reykir

*Tími:* fimmtudaginn 25. apríl 2019, kl. 12:00 – 13:30

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Bjarni Diðrik Sigurðsson (ritar), Guðrún Eik Skúladóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Halldór Þorgeirsson og Jóhannes Kristjánsson. Hera Sól Hafsteinsdóttir boðaði forföll.

### Dagskrá

#### 1. Stefnumótun Lbhí

Í febrúar voru haldnir fundir með starfsmönnum á öllum starfsstöðvum. Síðan var haldinn fundur með öllum starfsmönnum þann 5. apríl sl. og með nemendum (með þátttöku nemenda frá öllum starfsstöðvum), í vikunni þar á eftir. Unnið er að lokafrágangi í samvinnu við kynningarstjóra Lbhí. Ráðið rýndi drög að stefnu Lbhí og stefnir að því að samþykkja lokaútgáfu á næsta fundi. Kynning fyrir hagaðila er áætluð í fyrrihluta júní.

#### 2. Fjármál / eignir í umsjón skólans

Rektor hefur haldið fundi með nokkrum lykilaðilum varðandi eignir í umsjón skólans og framtíðarþörf skólans fyrir uppbyggingu innviða. Fyrir liggja hugmyndir sem kynntar verða Ríkiseignum og Menntamálaráðuneyti.

#### 3. Starfsreglur Háskólaráðs

Lögð var fram tillaga að Starfsreglum Háskólaráðs Lbhí.

#### 4. Til upplýsingar

- a. Niðurstaða valnefndar um starf lektors í jarðrækt liggur fyrir og hefur viðkomandi verið boðið starf við Lbhí.
- b. Fimm umsóknir komu í doktorsnámssjóð Lbhí og hafa þær verið sendar til umsagnaraðila.
- c. Auglýstur hefur verið styrkur úr Framfarasjóði Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur, sem veittur verður við útskrift 1. júní nk.
- d. Styrkir fengust úr Framleiðnisjóði, Erasmus og Byggðarannsóknasjóði
- e. Berglind Orradóttir hefur verið skipuð sem fulltrúi í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila um stjórn vatnamála og Hlynur Óskarsson var skipaður varamaður.
- f. Formleg opnun gestastofu um friðland fugla í Andakíl fór fram síðasta vetrardag.

#### 5. Önnur mál og næsti fundur

- a. Næsti fundur verður haldinn 28. maí kl. 13:30 á Hvanneyri.

Fundi slitið 13:28.

Fundargerð var lesin og samþykkt af öllum háskólaráðsfulltrúum.

